



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. ágúst 2024
USK24030270

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 21. ágúst 2024 varðandi eftirfarandi mál:

Afgreiðsla styrkja úr loftslagssjóði ungs fólks

Tillaga um úthlutun styrkja frá loftslagssjóði ungs fólks.
samþykkt

Vísað til borgarráðs

Benedikt Traustason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þesum lið
USK24030270

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar þessum umsóknum sem er merki um áhuga ungs fólks á loftslagsmálum. Styrkumsóknir eru mismunandi eins og gengur. Votlendi er ein stærsta uppspretta losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Vandasamt er að endurheimta votlendið og eru því allar hugmyndir vel þegnar. Endurheimt votlendi skiptir miklu máli en Reykjavík er ekki á votlendissvæði, ekki síst því að mýrar sem voru í Reykjavík hafa að mestu verið þurrkaðar upp og vandасamt er að endurheimta þær, svo sem Kringlumýri og Laugarmýri. Þá hefur meirihlutinn hafnað því að auka skógrækt með kolefnisbindingu í huga.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórn-sýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: Tillaga um úthlutun styrkja frá loftslagssjóði ungs fólks í Reykjavík



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 reykjavík

Reykjavík, 15. ágúst 2024

USK24030270

Tillaga um úthlutun styrkja úr Loftslagssjóði ungs fólks í Reykjavík
Trúnaðargögn þar til úthlutun er lokið

Umhverfis- og skipulagssvið leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki úthlutun 3.675.000 kr úr Loftslagssjóði ungs fólks í Reykjavík til þeirra 10 verkefna sem lögð eru í samræmi við samþykktar úthlutunarreglur og meðfylgjandi vafndarálit. Málinu verði svo vísað til borgarráðs til staðfestingar.

Greinargerð með tillögu:

Alls bárust 14 umsóknir í fyrsta kalli eftir umsóknir í sjóðinn, þar af ein eftir auglýstan umsóknarfrest. Til ráðstöfunar voru 5.600.000 kr. Að mati valnefndar uppfylltu tíu umsóknir þær kröfur sem gerðar voru til umsóknanna skv. úthlutunarreglum og auglýsingu en fjórar gerðu það ekki (sjá nánar í valnefndaráliti).

Að lokinni úthlutun verður stefnt að því að opna aftur fyrir umsóknir til þess að úthluta þeim 1.925.000 kr sem eftir standa í sjóðnum. Þær yrðu afgreiddar fyrir 30. september.

F. h. sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs

Benedikt Traustason
Skrifstofa umhverfisgæða

Hjálagt: Valnefndarálit fyrir úthlutun úr loftslagssjóði ungs fólks



Reykjavík



Valnefndarálit fyrir úthlutun úr loftslagssjóði ungs fólks

Nefnd: Valnefnd fyrir umsóknir í Loftslagssjóð ungs fólks

Hana skipa: Hrönn Hrafnadóttir deildarstjóri loftslagsmála, Kamma Thordarson sérfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og Þorvaldur Guðjónsson skólastjóri Vinnuskólans. Benedikt Traustason starfaði sem ritari og starfsmaður nefndarinnar.

Alls bárust 14 umsóknir í fyrsta kalli eftir umsóknir í sjóðinn, þar af 1 eftir auglýstan umsóknarfrest. Nöfn umsækjenda voru falin og að svo búnu fór valnefnd fór yfir umsóknirnar og gaf þeim sameiginlega einkunn skv. fyrirfram ákvörðuðum einkunnarkvarða. Eftirfarandi þættir voru metnir skv. auglýsingu.

- Verkefnið er hannað af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára
- Verkefnið verður framkvæmt af ungu fólki á aldrinum 15-24 ára
- Fjárhagsáætlun er innan styrkveitingarramma
- Fjárhagsáætlun er í samræmi við styrkhæfan kostnað
- Verkefni verður lokið fyrir 31. desember 2024
- Verkefnið verður framkvæmt í Reykjavík
- Verkefnið byggir á sterkri hugmynd og hefur skýr markmið
- Verkefnið er líklegt til að draga úr losun eða stuðla að aðlögun að loftslagsbreytingum
- Verkefnið tengist loftslagsstefnu Reykjavíkur og stærstu áskorunum hennar í loftslagsmálum
- Verkefnið fer nýjar eða skapandi leiðir til að ná markmiðum þess
- Verkefnið hefur skýra verk- og tímaáætlun
- Verkefnið er líklegt til að valdefla og virkja ungt fólk á aldrinum 15-24 ára
- Er fjárhagsáætlun skýr og sótt er um styrk fyrir styrkhæfum kostnaði?

1. Minnka bílanotkun og fækka hjólanotkun.

- Verkefnið snýr að uppsetningu hjólaboga víða um borg. Í umsókn eru jafnframt nefndar staðsetningar utan Reykjavíkur.
- Verkefnið er að mati valnefndar ekki talið raunhæft verkefni miðað við tímalínu, kostnað við uppsetningu hjólaboga, þörf á samráði o.s.frv. Í umsókn var gert ráð fyrir að kostnaður vegna verkefnisins væri 500.000 kr.
- Breyting á nýtingu bílastæða krefst samráðs við skipulagsyfirlönd sem hefur ekki farið fram.
- Heildarstigafjöldi: 64
- Niðurstaða: Verkefnið krefst meiri undirbúnings og skipulagningar. Lagt til að verkefnið verði ekki styrkt að þessu sinni þar sem það krefst meiri undirbúnings og fjármagns. Hugmyndin er að mati valnefndar engu að síður góð og styður vel við loftslagsstefnu borgarinnar.





2. Fræðslur: loftlagsvá og hvernig er hægt að sporna gegn henni

- Verkefnið snýr að aukinni fræðslu í tilteknum framhaldsskóla um loftslagsmál.
- Sótt er um skemmtilegt verkefni með skýra tengingu við loftslagsstefnu Reykjavíkur.
- Í fjárhagsáætlun er sótt um styrk til þess að greiða fyrir framkomu á viðburðum en slíkt er ekki heimilt líkt og kveðið var á um í umsóknarreglum og reglum Bloomberg.
- Heildarstigafjöldi: 76
- Niðurstaða: Valnefnd leggur til að veita styrk fyrir styrkhæfum kostnaði 125.000 kr

3. Vettvangsferð til lærdóms

- Sótt er um styrk fyrir vettvangsferð nemanda í tilteknum framhaldsskóla annað hvort á endurheimt vistkerfa eða á sviði endurvinnslu og úrgangsmála.
- Verkefnið er skemmtilegt og hugmyndin góð. Verkefnið hefur sterka vísun í loftslagsstefnu Reykjavíkur, t.a.m. á sviði hringrásarhagkerfis eða verkefna úrgangsmála.
- Í umsókn er ekki tiltekið hvert ferðin verði heitið.
- Heildarstigafjöldi: 90
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 380.000 kr gegn því skilyrði að ferðin verði farin innan borgarmarka Reykjavíkur. Þá er óskað eftir frekari upplýsingum um mögulegan kostnað vegna vettvangsferðarinnar.

4. Hvert kemst ég?

- Sótt er um styrk fyrir almenningssamgöngukeppni á vegum félagsmiðstöðvar í Reykjavík. Styrkurinn mun fara í undirbúning viðburðar, verðlaun og annað sem tengist keppninni.
- Hugmyndin er mjög sterk og fer frumlega leið til þess að kynna virka ferðamáta fyrir ungu fólki. Verkefnið fellur vel að stærstu áskorunum í loftslagsáætlun Reykjavíkur um samdrátt vegna samgangna. Þá er það líklegt til þess að virkja og valdefla ungt fólk.
- Verkefnið skortir skýra fjárhagsáætlun.
- Heildarstigafjöldi: 86
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 400.000 kr gegn því að ítarlegri fjárhagsáætlun liggi fyrir.

5. Hakkapön unga fólksins um endurheimt votlendis

- Sótt er um styrk til þess að halda hakkapön um endurheimt votlendis.
- Framræst votlendi er ein stærsta uppspretta losunar gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Verkefnið fer nýja leið til þess að virkja hugmyndaflug, skapandi hugsun og þekkingu ungs fólks til að



reyna að hraða árangri í endurheimt votlendis innan Reykjavíkurborgar.

- Valnefnd telur mikilvægt að lögð verði áhersla á endurheimt innan Reykjavíkur.
- Heildarstigafjöldi: 88
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 690.000 kr.

6. Flokkarinn - bætt flokkun, minni loftmengun.

- Sótt er um styrk fyrir aukinni fræðslu um flokkun og umhverfismál í tilteknum framhaldsskóla í Reykjavík. Sett verður upp jafningjafræðsla um verkefnið og haldnir viðburði.
- Að mati valnefndar er verkefnið líklegt til þess að virkja nemendur til þess að huga betur að flokkun úrgangs. Lögð er til áhugaverð leið til þess að fylgjast með árangri verkefnisins.
- Lagt er til að ekki verði veittur styrkur fyrir fyrirlesara enda er slíkt ekki heimilt skv. auglýsingu.
- Heildarstigafjöldi: 86
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði styrkt um styrkhæfan kostnað 125.000 kr eða skv. uppfærðri fjárhagsáætlun.

7. Föstudagar fyrir framtíðina haustið 2024

- Sótt er um styrk til þess að endurvekja Föstudaga fyrir framtíðina haustið 2024.
- Markmið föstudaga fyrir framtíðina er skv. umsækjendum bæði að fræða ungt fólk um loftslagsmál og valdefla til að taka virkari þátt í umræðunni um framtíðina þeirra. Einnig er það markmið verkefnisins að gefa ungu fólki vettvang til að tjá skoðanir sínar, koma þeim til skila og eiga rödd í mikilvægasta málefni okkar tíma. Fyrri verkefni hafa gefist vel og haft sýnileg áhrif á umræðu um loftslagsmál.
- Valnefnd leggur áherslu á að vel sé farið með eigur borgarinnar og minnir á skólaskyldu að 16 ára aldri.
- Heildarstig: 78
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 540.000 kr eða skv. uppfærðri fjárhagsáætlun.

8. Jarðvegsplástur

- Sótt er um styrk fyrir rannsóknarverkefni sem snýr að að gera eftirmála uppbyggingar (ný íbúðarhverfi, veglagning, o.fl.) grænni með því að finna einfalda/óþýra lausn á jarðvegsrofi sem stendur eftir slíkar framkvæmdir.
- Um er að ræða mjög frumlega og áhugaverða hugmynd sem styður ekki aðeins vel við loftslagsáætlun borgarinnar heldur einnig stefnu hennar um líffræðilega fjölbreytni.
- Valnefnd beinir því til umsækjenda að gæta að skala verkefnisins og bendir á að hægt sé að útvega moltu úr GAJU þeim að kostnaðarlausu.



- Heildarstig: 96
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 500.000 kr eða skv. uppfærðri fjárhagsáætlun.

9. Ung-norræna hugveitan

- Sótt er um styrk til þess að mynda öflugan og öruggan samráðsvettvang þar sem raddir framtíðarleiðtoga í kvikmyndaiðnaði fá að heyrast og eflast. Á þessum umræðuvettvangi gefst þátttakendum kostur á að beita sér fyrir betri framtíð með markvissum hætti, þar sem markmiðið er að breyta landslagi iðnaðarins til að mæta betur þörfum og væntingum ungs fólks. Þar er jafnframt dýrmætt tækifæri til að fá hugmyndir á yfirborðið sem raunverulega gætu leitt til bættra umhverfisviðhorfa innan kvikmyndaiðnaðarins, m.a. kolefnisspor innan iðnaðarins og hvernig draga megi úr því.
- Um er að ræða skemmtilegt verkefni sem fer nýja leið til þess að veita ungu fólki vettvang til að ræða loftslagsmál og kvikmyndaiðnaðinn. Það veitir tækifæri fyrir ungt fólk til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og er líklegt til þess að skapa umræður sem eru á jafningjagrundvelli.
- Ekki er ljóst af umsóknargögnum hvernig verkefnið tengist sérstaklega Reykjavík. Tenging við loftslagsstefnu Reykjavíkur er talin vera veik að mati valnefndar.
- Að mati valnefndar er ekki hægt að styrkja umsækjanda fyrir kostnaði sem hefur nú þegar verið styrktur. Sömuleiðis er ekki hægt að styrkja launakostnað né heldur þann kostnað sem fer yfir hámarksupphæð styrkja. Heimilt er að veita styrk fyrir aðstöðu sem nefndur er í umsókn.
- Heildarstig: 70
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 200.000 kr að því gefnu að ekki hafi nú þegar fengist styrkur fyrir þeim kostnaði og að umsækjandi skili uppfærðri fjárhagsáætlun.

10. Vitundarvakning framhaldsskólanema

- Markmið verkefnisins er að auka fræðslu og aðgengi að upplýsingum um loftlagsmál sem miðað er að framhaldsskólanemendum.
- Verkefnið er líklegt til þess að hafa áhrif á margt ungt fólk og er stórum skala. Verkefnið beinist jafnt að framhaldsskólum í Reykjavík sem og í öðrum sveitarfélögum.
- Heildarstig: 82
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 425.000 kr, þ.e. ekki fyrir kostnaði við verkefnastjórnun.

11. Ungir Sprettarar styðja hringrásarhagkerfið

- Sótt er um styrk fyrir verkefni sem snýr að hringrásarhagkerfinu í hestamannaíþróttum.



- Um er að ræða frumlegt og skemmtilegt verkefni sem fer nýjar leiðar við innleiðingu hringrásarhagkerfisins. Verkefnið er hins vegar skipulagt af samtökum utan Reykjavíkur og verður framkvæmt utan borgarmarkanna. Af þeim sökum leggur valnefnd til að verkefnið verði ekki styrkt enda kveðið á um í auglýsingu að verkefnið þurfi að vera framkvæmt í Reykjavík.
- Heildarstig: 88
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði ekki styrkt að þessu sinni en því beint til umsækjenda að finna Reykvíska samstarfsaðila.

12. Cooking Oil Collection for Biofuels

- Sótt er um styrk fyrir söfnun á matarolíu á grenndarstöðvum.
- Verkefnið fjallar um gagnreynt verkefni sem innleitt hefur verið á Akureyri. Verkefnið er áhugavert en að mati valnefndar er umfang þess talsvert og ekki ljóst af verk og tímaáætlun hvernig umsækjandi ætlar að innleiða það eða á hvaða skala en grenndarstöðvar í Reykjavík eru 57 talsins.
- Þá er ljóst að markhópur verkefnisins er ekki ungt fólk og að mati valnefndar er óljóst hvernig virkja eigi ungt fólk sem hluta af verkefninu. Þá er umsókn skilað af einstaklingi en ekki samtökum og án fjárhagsáætlunar líkt og kveðið var á um í auglýsingu.
- Heildarstig: 68
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði ekki styrkt að þessu sinni þar sem umsókn er ekki skilað í tengslum við samtök og án fjárhagsáætlunar.

13. Loftslagsblað MR

- Sótt er um styrk fyrir útgáfu fræðslutímarits um loftslagsmál í ákveðnum framhaldsskóla.
- Verkefnið er metnaðarfullt og til þess fallið að vekja athygli á stærstu áskorunum Reykjavíkur í loftslagsmálum. Markmið verkefnisins er að vekja nemendur skólans til umhugsunar og aðgerða í loftslagsmálum.
- Heildarstig: 94
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði styrkt um 290.000 kr

14. Sýnilegra Loftslagsverkfall

- Umsækjandi skilaði inn umsóknargögnum eftir auglýstan umsóknarfrest. Þá hefur annar umsækjandi sótt um styrk fyrir sama verkefni innan auglýsts tímafrests.
- Heildarstig: Ekki metið þar sem umsóknargögn bárust of seint og verkefni hefur þegar verið styrkt.
- Niðurstaða: Lagt er til að verkefnið verði ekki styrkt að þessu sinni.

Að lokinni yfirferð umsókna var tekin saman tafla með nöfnum umsækjanda, heiti verkefnis og áætlaðri styrkuppþæð. Hún er birt hér í viðauka. Lagt er til að



3.675.000 kr af 5.600.000 kr heildarupphæð sjóðsins verði úthlutað að þessu inni og að stefnt verði að því að úthluta þeim 1.925.000 kr sem eftir standa í næstu úthlutun.



Yfirlit yfir umsóknir – Tillaga valnefndar að styrktum verkefnum

Númer	Samtök	Heiti verkefnis	Styrkupp hæð*
1818021	Nemendafélag Fjölbrotaskólans í Breiðholti	Minnka bílanotkun og fækka hjólanotkun	0
1822009	Framtíðin málfunda- og nemendafélag Menntaskólans í Reykjavík	Fræðslur: loftlagsvá og hvernig er hægt að sporna gegn henni	125.000
1822021	Framtíðin málfunda- og nemendafélag Menntaskólans í Reykjavík	Vettvangsferð til lærdóms	380.000*
1822481	Gleðibankinn - félagsmiðstöð	Hvert kemst ég?	400.000
1822490	Ungir umhverfissinnar	Hakkapon unga fólksins um endurheimt votlendis	690.000
1822494	Nemendafélag Borgarholtsskóla	Flokkarinn - bætt flokkun, minni loftmengun.	125.000*
1822499	Ungir umhverfissinnar	Föstudagar fyrir framtíðina haustið 2024	540.000*
1822513	Haxi - Hagsmunafélag líffræðinema	Jarðvegsplástur	500.000
1822519	RIFF Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík	Ung-norræna hugveitan	200.000*
1822523	SÍF - Samband íslenskra framhaldsskólanema	Vitundarvakning framhaldsskólanema	425.000*
1822533	Hestamannafélagið Sprettur	Ungir Sprettarar styðja hringrásarhagkerfið	0 kr
1822547	Ekki tiltekið	Cooking Oil Collection for Biofuels	0 kr
1822554	Framtíðin málfunda- og nemendafélag Menntaskólans í Reykjavík	Loftslagsblað MR	290.000
1825558	LÍS – Landssamtök íslenskra stúdenta	Sýnilegra Loftslagsverkfall	0 kr
Samtals			3.675.000 kr*
* Með fyrirvara um uppfærðar fjárhagsáætlanir			



